

Arctic Destinations ehf.
B.t. forsvarismaður
Ránargötu 2b
600 Akureyri

Akureyri, 20. apríl 2021
Tilvísun: 21010060 / 02.09.01
Ákvörðun nr. 1/2021

Efni: Ákvörðun um dagsektir

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið Arctic Destinations ehf., kt. 4303170400 þar sem félagið hefur ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um að loka vefsíðu félagsins og hætta að bjóða uppá og/eða selja leyfisskylda starfsemi án leyfis.

Málsatvik

Með ákvörðun Ferðamálastofu frá 31. mars sl. var ferðaskrifstofuleyfi Arctic Destinations ehf. fellt niður þar sem félagið uppfyllti ekki skilyrði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 um skil ársreikninga og annarra gagna sem eru nauðsynleg við mat á fjárhæð tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar. Ferðamálastofa fór fram á að vefsíðu félagsins <https://www.southgreenlandflyfishing.com> yrði lokað án tafar og að félagið hætti sölu allra pakkaferða þar sem félagið hefur ekki lengur leyfi til að stunda slíka starfsemi. Félaginu var veittur frestur til 8. apríl sl. til að loka vefsíðunni.

Þann 9. apríl sl. sendi Ferðamálastofa tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta á félagið þar sem ekki hafði verið brugðist við og farið að fyrirmælum Ferðamálastofu innan veitts frests. Veittur var frestur til 16. apríl sl. til að fara að fyrirmælum Ferðamálastofu og loka vefsíðu fyrirtækisins. Þá var félagið upplýst um það að lagðar yrðu dagsektir á félagið ef ekki yrði brugðist við fyrir veittan frest. Félagið hefur ekki farið að fyrirmælum Ferðamálastofu og er vefsíða félagsins enn virk og þar boðnar til sölu leyfisskyldar ferðir.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um Ferðamálastofu nr. 19/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að fyrirmælum Ferðamálastofu samkvæmt lögnum og getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem fyrirmælin beinast að greiði dagsektir þar til farið hefur verið að þeim. Ferðamálastofu er jafnframt heimilt að leggja dagsektir á aðila sem stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 2. mgr. sömu greinar.

Ákvörðun

Líkt og að framan greinir hefur Arctic Destination ehf. ekki farið að fyrirmælum Ferðamálastofu og stundar leyfisskylda starfsemi án leyfis. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á félagið frá og með 28. apríl næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.



Frá og með 5. maí n.k. verða lagðar á dagsektir að upphæð kr. 50.000 á félagið Arctic Destination ehf. fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu og leyfisskyldri starfsemi hætt. Verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt á 14 daga fresti þar til farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga um Ferðamálastofu nr. 19/2018 má skjóta ákvörðun um dagsektir til ráðherra innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrir en frestur er liðinn.


Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.


Ef leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án leyfis ber lögreglustjóra, að beiðni Ferðamálastofu, að stöðva starfsemina án fyrirvara eða aðvörunar, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun vefs, enda hafi ekki verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi, leyfi hafi verið fellt niður, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því, eða leyfisskyld starfsemi farið út fyrir mörk útgefins leyfis, sbr. 19. gr. sömu laga.

Samkvæmt 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1992 á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný, ef ákvörðunin hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Virðingarfyllt,

F.h. Ferðamálastofu


Helena P. Karlsdóttir forstm. Stjórnslusviðs


Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Afrit er sent með tölvupósti á info@southgreenlandflyfishing.com og á halldor@southgreenlandflyfishing.com.